

Aðalfundur Eldingar,

haldinn 23. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda hinn 18. og 19. október.

1. Aðalfundur Eldingar samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum sem að róa með línu það er landbeitt, trekt og vélabeitningu.
2. Aðalfundur Eldingar lýsir yfir ánægju með þær breytingar sem gerðar voru á strandveiðikerfinu síðastliðið vor, áréttar þó að krafan er 4 dagar í 4 mánuði og að sunnudegi verði bætt við sem veiðidegi.
3. Aðalfundur Eldingar mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Hætt er við að það fari eins og með kvótasetningu á makríl (það er að aðeins um 30% bátanna stundi veiðarnar).
4. Aðalfundur Eldingar varar eindregið við því að hvalveiðum verði hætt.
5. Aðalfundur Eldingar harmar að frumvarp það sem lagt var fyrir Alþingi síðastliðið vor um veiðigjöld hafi ekki hlotið brautargengi. Frumvarpið hefði leiðrétt hlut smábátaútgerðar í gjaldinu, en það er mikið réttlætismál.

Elding skorar því á Alþingi að leiðrétta nú þegar hlut smábáta í veiðigjaldinu frá og með fiskveiðiárinu 17 / 18.

6. Stjórn Eldingar ályktar í október 2018

Starfshópur um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum, hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu, kvótasetning á hlýra, veiðigjöld og reynsluna af kvótasetningu á makríl.

„Það er skoðun stjórnarinnar að aðgerðir og hugmyndir sem að koma fram í þessum málum bera með sér að það á að þrengja að smábátum og einstaklingsútgerðinni en í mörgum tilvikum liðkað fyrir stærri fyrirtækjum. Við teljum að það verði að líta á alla þætti í útgerð með tilliti til hvers annars. Veiðigjald er ekki hægt að líta á sem einangrað mál óháð veiðistjórnun.

Í skýrslu starfshópsins eru gerðar tillögur um heftan aðgang að miðum næst landi þar sem líklegra er að smábátar stundi veiðar, en í sömu skýrslu eru tillögur um aukið frjálsræði um val á möskvastærð í togveiðarfærum, stækkun báta innan 12 mílna og

opnun hólfá. Eftir lestur skýrslunnar kemur upp í hugann ein setning „**hirðum aðeins besta bitann**“.

Varðandi kvótasetningu á hlýra (meira að gera með líf bankanna en lífið í sjónum) og hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu, minnum við á að það kostar um 4.000 kr. að færa aflaheimildir á milli báta, margir verða með kvóta undir 100 kg. Það er því enginn hagur fyrir þessa aðila að flytja heimildir á milli sín, fiskinum er því ýmist hent eða kvótinn brennur inni.

Um veiðigjöld hefur margoft verið bent á að útgerð án vinnslu á ekki samleið með fyrirtækjum í fjölbreyttum rekstri.

Reynslan af kvótasetningu makrils á smábáta er skólabókardæmi um misheppnaða aðgerð, þar sem að tekinn var af smábátum víða um land möguleikinn til að leita að makríl á sínum heimamíðum og möguleika vinnslunnar til að gera sína afurð úr makríl. Það væri miklu meira vitað um útbreiðslu makrils á grunnslóð ef hann hefði ekki verið kvótasettur.